

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 127/2003**

**frá 26. september 2003**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2003 frá 11. júlí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/121/EB frá 11. febrúar 2003 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ryksugur <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2ev (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/272/EB):

„2ew. **32003 D 0121:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/121/EB frá 11. febrúar 2003 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir ryksugur (Stjtið. ESB L 47, 21.2.2003, bls. 56).“

*2. gr.*

Texti ákvörðunar 2003/121/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 29 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 47, 21.2.2003, bls. 56.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.